

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 35/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/98 frá 27. mars 1998⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 96/C 99/01 frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 88. lið (ályktun ráðsins 97/C 109/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„89. 396 Y 0402(01): Ályktun ráðsins 96/C 99/01 frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum (Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1).”

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 96/C 99/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner